

**Nd.**

### **116. Breytingartillögur**

við frv. til laga, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárþóta.

Flutningsm.: Guðbrandur Ísberg.

1. Við 1. gr. Orðin „á kostnað ríkissjóðs“ í 1. málsg. falli burt, en aftan við nefnda málsg. bætist: Kaupverð fjárins og annar kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði.
2. Við 5. gr. Í stað orðanna „Er ráðherra heimilt að taka . . . “ komi: Er ráðherra heimilt að leigja eða kaupa . . . .
3. Við 6. gr. Fjórða (síðasta) málsg. falli burt.
4. Við 13. gr. Á eftir 2. málsg. komi ný málsg., svo hljóðandi:  
Gæta skal þess, að ómerkingum, sem boðnir eru upp sem óskilafé, sé lógað, ef nokkrar líkur eru til þess, að þeir geti verið einblendingar.